

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna:

*Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Belgíu*, undirskrifuð af ráðgjafa Íslands 26. oktbr. 1898 (A. nr. 17, bls. 64—81).

*Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs*, undirskrifuð af konungi 12. nóvbr. 1898 (A. nr. 20 (18), bls. 82—83).

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um greiðslu barnsfúlgu.** — Í þóknanlegum brjefum, dagsettum 30. martz og 14. júlí þ. á., hafði þjer, herra amtmaður, látið mjer í tje umsögn yðar um áfrýjun Ytri- og Innri Akraneshrepps á úrskurði yðar, dagsettum 23. apríl f. á., um meðlagsgreiðslu Þórðar nokkurs Bjarnasonar með óskilgetnu barni Þórunnar Pjetursdóttur, Sigurði Markúsi, og skyldu Akraneshreppanna til að inna af hendi hið ógoldna meðlag, sem fjell í gjalddaga 5. septbr. 1895. Hafa hreppsnefndirnar í umgetnum hreppum krafizt þess að úrskurður yðar í máli þessu verði úr gildi felður.

Málsvextir eru þannig.

Eptir að þjer samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Grímsneshreppi í Árnassýslu höfðuð 5. septbr. 1895 gefið út þann meðlagsúrskurð, að Þórður nokkur Bjarnason skyldi greiða 40 kr. árlega með áðurnefndu óskilgetnu barni Þórunnar Stefánsdóttur, er sveitlæg er í Grímsneshreppi, Sigurði Markúsi, frá 2. júlí 1894 að telja, þangað til barnið væri orðið 16 ára að aldri, senduð þjer sama dag úrskurð þenna sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, til birtingar fyrir hlutaðeiganda barnsföður, með því að þá var ætlað að hann ætti heima í Grindavíkurhreppi þar í sýslu. Jafnframt lögðuð þjer fyrir nefndan sýslumann, að innheimta ársfúlguna til 2. júlí næst áður, 40 kr., hjá hini ætluðu dvalarsveit hans, Grindavíkurhreppi, ef barnstaðirinn greiddi eigi góðfúslega fúlguna, enda hafði hreppsnefndin í Grímsneshreppi í brjefi frá 20. júlí s. á. beið þjóslumann sinn að hlutast til um að meðlag það, er antið gerði barnsföðurnum að greiða með hinu áðurnefnda óskilgetna barni, yrði heimt hjá dvalarhreppi hans eða framfærsluhreppi, ef hann greiddi það eigi sjálfur. Þegar til átti að taka, kom það í ljós, að Þórður þessi Bjarnason hafði eigi átt heimili í Grindavíkurhreppi næstliðin 3 ár, og voru síðan árangurslaust gjörðar tilraunir til að spyrja upp dvalarstað hans eða framfærslusveit, þangað til loksins fjekkt viðurkenning frá hreppsnefndunum í hinum forna Akraneshreppi, dagsett 20. nóvbr. 1896, um að nefndur Þórður væri þar sveitlægur. Jafnframt undirgangast hreppsnefndirnar í nýnefndum hreppi að greiða áfallið meðlag fyrir árið frá 2. júlí 1895 til 2. júlí 1896 og áfallandi meðlög, en neita aptur á móti að greiða Grímsneshreppi meðlagið fyrir árið frá 2. júlí 1894 til 2. júlí 1895, með því að krafa um greiðslu þess meðlags hafi eigi komið til nefndanna fyrir en meira en ár var liðið frá því,

27. dag desbrm. 1898.

**155** er hún fjell í gjalddaga. Hafið þjer, herra amtmaður, eins og áður er á vikið, í 13. desbr. úrskurði yðar um málið 23. apríl f. á., af ástæðum þeim, er þar eru tilfærðar, ákveðið að hinn forni Akraneshreppur skuli greiða hina umþrættu barnsfúlgu frá 2. júlí 1894 til 2. júlí 1895.

Það er nú að vísu svo að krafa af hálfu Grímsneshrepps um hina umræddu ársfúlgu kom eigi til hreppsnefndanna í Akraneshreppum fyrir en meira en ár var liðið frá því er hún fjell í gjalddaga, en um þetta verður eigi kennt hreppsnefndinni í Grímsneshreppi, því að hún leitaði í tíma aðstoðar yfirvaldanna til að ná hinu umrædda meðlagi, og virðist því eigi eiga að biða neinn halla við það, þótt svo mikill tími gengi í það að hafa uppi á dvalarsveit eða framfærslusveit nefnds barnsföður, að ársfúlga sú, er um er að ræða, gat eigi orðið heimtuð fyrir en meira en ári eptir að hún var fallin í gjalddaga, og þar sem af hálfu Akraneshreppa eigi hefir verið breytt neinum mótmælum gegn gildi kröfunnar, öðrum en þeim, að hún hafi komið of seint fram, virðast þeir eigi geta komizt hjá því að greiða margumrætt ársmeðlag,

Því ber að staðfesta framangreindan úrskurð yðar í þessu máli, frá 23. apríl f. á.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

*Úrskurður amtsins* (brjef til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, dags. 23. apríl 1897).

Sýslumaðurinn í Árnassýslu hefir í brjefi, dags. 8. f. m., með fylgiskjölum, samkvæmt beiðni yðar, velborni herra sýslumaður, í brjefi til hans, dags. 10. des. f. á., og áskorun hreppsnefndarinnar í Grímsneshreppi, lagt undir úrskurð amtsins spurninguna um, hvort hinn forni Akraneshreppur, sem hefir viðurkennt sveitfesti Þórðar nokkurs Bjarnasonar, er samkvæmt amtsúrskurði, dags. 5. sept. 1895, á að greiða 40 kr. árlega með óskilgetnu barni Þórunnar Pjetursdóttur frá Minniborg í Grímsneshreppi, Sigurði Markúsi að nafni, frá 2. júlí 1894 að telja, þangað til það væri orðið 16 ára að aldri, væri skyldur til að greiða ársfúlguna eptir nefndum úrskurði frá 2. júlí 1894 til 2. júlí 1895, að upphæð 40 kr., en hreppsnefndirnar í Ytri- og Innri Akraneshreppum hafa færzt undan því, að borga upphæð þessa vegna þess, að hún hafi eigi verið heimtuð af þeim fyrir en meir en ár hafi verið liðið frá gjalddaga hennar. Aftur á móti hafa hreppsnefndirnar lofað að borga síðar áfallnar og áfallandi ársfúlgur eptir því, sem með þyrfti.

Út af þessu er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál.

Jafuskjótt eða sama dag og amtið gaf út hinn fyrnefnda úrskurð, sem sje 5. sept. 1895, sendi það sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu úrskurðinn til birtingar fyrir Þórði Bjarnasyni, sem álitinn var að eiga heimili á Járngerðarstöðum í Grindavíkurhreppi, og krafðist þess um leið fyrir hönd Grímsneshrepps, að hreppsnefndin í Grindavíkurhreppi greiddi þegar af hendi ársmeðlagið til 2. júlí 1895, ef Þórður Bjarnason eigi borgaði það góðfúslega, þegar úrskurðurinn yrði birtur honum. Það reyndist þá svo, að Þórður hafði yfirgefið heimili sitt í Grindavíkurhreppi fyrir 3 árum, og síðar eigi verið þar öðruvísi en sem útróðrarmaður öðru hvoru á vetrarvertíðunum. Síðan hefir verið gjörð rækileg gangskör að því, að leita uppi annaðhvort vistarsveit eða framfærsluhrepp Þórðar þessa Bjarnasonar, og þegar áðurnefnd framfærslusveit hans loksins fannst, var liðið ár frá því ársfúlgan til 2. júlí 1895 var fallin í gjalddaga.

Að vísu er það nú svo, að innheimtu var krafizt hjá yfirvaldi eða fógeta á hinu umrædda ársmeðlagi áður en ár var liðið frá gjalddaga þess, eins og frá er skýrt að framan, auk þess sem öll viðleitni var síðar viðhöfð til þess, að hafa uppi á vistar- eða framfærslu-sveit Þórðar Bjarnasonar, og eptir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt, og sem styðjast við ýms stjórnarbrjef frá fyrri og síðari tímum, svo sem kansbr. 30. ágúst 1834, dómsmálastjórnarbrjef 24. maí 1855 og 4. sept. 1888, hefir það verið álitnið nægilegt til þess að hindra fyrning á lögtakskrapti kröfu, sbr. opið brjef 28. okt. 1805 og 2. gr. laga 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, að hlutaðeigandi hefði innan árs frá gjalddaga kröfunnar beðið yfirvaldið um innheimtu á áföllnu meðlagi, en samkvæmt hæstarjettardómi 1. sept. f. á., sem staðfesti fógetaúrskurð og yfirjettardóm, á lögtaks- eða innheimtubeiðnin að vera komin í tæka tíð, innan árs frá gjalddaga, til þess fógeta, sem eptir atvikum á að framkvæma lögtakið, það er að segja til fógeta á þeim stað, þar sem sá dvelur, er lögtaks er krafizt hjá. Samkvæmt þessu ætti framfærslusveit Þórðar, hinn forni Akraneshreppur, að vera laus við að greiða hina umræddu fúlgum, vegna þess að lögtaks eða innheimtu eigi hefði verið krafizt í tíma hjá rjettu yfirvaldi, svo hlutaðeigandi hreppsnefndir væru útilokaðar frá að beita þeim þvingunarmeðulum, sem löggjöfin um meðlög með með óskilgetnum börnum yfir höfuð heimilar, sbr. það, sem tekið er fram í 3. gr. laga 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., að því leyti, er snertir rjett framfærslusveitarinnar gagnvart barnsföður.

En þess ber að gæta, að í sömu lagagrein er einnig ákveðið, að meðgjöf af hálfu föður óskilgetins barns, sem greidd hefir verið af sveitarsjóði, telst fátækrastrýkur veittur föðurnum, og í lögum 4. nóv. 1887, um sveitarstyrk og fúlgum, er enn fremur svo fyrirmælt, að sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, sje skyldur að endurborga hann sveitinni, sem aðra skuld, sem tekin verður lögtaki samkvæmt áðurnefndum lögum, 16. des. 1885, þótt ár sje liðið, þegar lögtaksbeiðnin kemur fram. Akraneshreppur hinn forni missir því einkis í, þótt hann greiði hina umræddu ársfúlgum til 2. júlí 1895, sem Þórður Bjarnason á að inna af hendi með áðurnefndu óskilgetnu barni Þórunnar Pjetursdóttur frá Minniborg, og hefir hreppurinn hinn sama aðgang að föðurnum, sem hann hefði haft, ef sagt hefði verið til kröfunnar innan árs frá gjalddaga, eða lögtaks eða innheimtu verið krafizt í tíma hjá rjettu yfirvaldi, að því undanteknu, að meðlagið eigi verður afplánað, en það er hvorttveggja, að þetta þvingunarmeðal hefir aldrei að minni vitund verið notað gagnvart feðrum óskilgetinna barna hjer á landi, enda verður því eptir vorum lögum eigi beitt nema að því leyti, er snertir meðlög með óskilgetnum börnum, þar til þau eru 10 ára að aldri, þar sem tilsk. 6. des. 1839 eigi gildir hjer á landi, og þar að auki eigi, nema getuleysi föðursins verði álitnið svo vaxið, að honum sjálfum verði kennt um örbirgð hans, sbr. umburðarbrjef kansellísins 10. júní 1828.

Samkvæmt framangreindu hefir hinn forni Akraneshreppur rjett sinn óskertan til þess að innheimta hina umþráttuðu ársfúlgum hjá barnsföðurnum með lögtaki, og er því hjer með úrskurðað, að hann fyrir hönd fyrnefnds Þórðar Bjarnasonar greiði Grímsneshreppi ársfúlguna til 2. júlí 1895 með áðurnefndu óskilgetnu barni Þórunnar Pjetursdóttur, að upphæð 40 kr., samkvæmt meðlagsúrskurði amtsins, dags. 5. sept. 1895.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, velborni herra sýslumaður, yður til leiðbein- ingar og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Ytri og Innri Akraneshreppum, skal jeg þjón- ustusamlega mælast til þess, að þjer sjáið um fullnustu úrskurðar þessa.